

Bæjarstjórn - 1945

FUNDARBOÐ

**1945. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 18.
desember 2024 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

- 1. 2412830 - Ráðning bæjarstjóra**
Lagður fram ráðningarsamningur
- 2. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar**
Bæjarráð
Hafnarstjórn
- 3. 2409008 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting miðsvæði Valla**
4. liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 9. október sl.
4. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 3. október sl.
Á fundi bæjarstjórnar 11.9.2024 var samþykkt að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna breytinga á landnotkun M2 á miðsvæði Valla. Lögð fram skipulagslýsing.

Meirihluti skipulags- og byggingarráðs samþykkir að leitað verði umsagna við lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í ráðinu sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka: Fulltrúar Samfylkingarinnar styðja við uppbyggingu hjúkrunaríbúða og íbúða fyrir aldraða í Hafnarfirði, en lítil fjölgun hjúkrunarrýma hefur verið undanfarin ár. Það er brýnt að bregðast við löngum biðlistum eftir hjúkrunarrými en meðalbiðtími er um 4-5 mánuðir í Hafnarfirði og ljóst er að með fjölgun aldraðra með breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar mun biðtíminn lengjast ef ekkert er að gert. Hér er um að ræða aðalskipulagsbreytingu sem myndi heimila hjúkrunaríbúðir og íbúðir fyrir eldri borgara, en engir samningar liggja fyrir við ríkið eða bæinn eða áætlanir um uppbygginguna.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja áherslu á mikilvægi þess að hlúa vel að eldri borgurum með gæðum þjónustu, íbúðar, byggðar og umhverfis og að vandað sé til staðsetningar hjúkrunarheimilis. Þeir lýsa yfir efasemdum um staðsetningu hjúkrunarheimilis á miðsvæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu. Einnig er fyrirhugað hjúkrunarheimili og íbúðir umferðargötum og

bifreiðarstæðum. Ítarlegri greining þarf að liggja fyrir um gæði umhverfis og byggðar og því sitja fulltrúar Samfylkingarinnar hjá við afgreiðslu málsins.

Orri Björnsson tekur til máls. Til andsvars kemur Stefán Már Gunnlaugsson. Þá tekur Stefán Már Gunnlaugsson til máls. Orri kemur til andsvars sem Stefán Már svarar.

Þá tekur Guðmundur Árni Stefánsson til máls og leggur til að afgreiðslu málsins verði frestað og vísað til umsagnar hjá öldungarráði.

Einnig tekur Árni Rúnar Þorvaldsson til máls.

Forseti ber upp framkomna tillögu um frestun á afreiðslu málsins og vísað til umsagnar öldungarráðs. Er það samþykkt samhljóða.

Lögð fram umsögn öldungaráðs frá 12.nóvember sl.

Bókun: Öldungaráð leggur til að bæjarstjórn forgangsraði uppbyggingu hjúkrunarheimila með áherslu á Hrafnistu, Hamranes og Sólvangssvæðið og telur ekki forsendur að svo komnu máli að gera breytingar á aðalskipulagi miðsvæðis Valla. Það á að vanda til staðsetninga íbúða fyrir aldraða og hjúkrunarheimila.

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að setja á stofn fimm manna starfshóp kjörinna fulltrúa auk fulltrúa frá Öldungaráði og Félagi eldri borgara í Hafnarfirði. Starfshópurinn njóti stuðnings og aðstoðar sviðsstjóra fjölskyldusviðs, framkvæmdasviðs og stjórnsýslusviðs. Verkefni hópsins er að móta framtíðarstefnu um skipulag og staðsetningu hjúkrunarheimila í bænum. Starfshópurinn skal fara fyrir viðræðum við heilbrigðisráðuneyti, sjúkratryggingar ríkisins og aðra hagaðila sem koma að uppbyggingu og fjármögnun hjúkrunarheimila. Einnig skal starfshópurinn hafa samráð við aðra aðila, svo sem Öldungaráð, Félag eldri borgara í Hafnarfirði og aðra þá sem geta miðlað þekkingu og sjónarmiðum í málinu. Starfshópurinn starfar í umboði fjölskylduráðs sem setur honum erindisbréf og skipar í hann. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu og tillögum um verkefnið, s.s. varðandi aðferðafræði, fjármögnun og tímaramma og staðsetningar nýrra hjúkrunarheimila eigi síðar en 1. mars nk. en vinnu starfshópsins verði lokið fyrir 1. maí nk.

Greinargerð:

Þrátt fyrir að lítið hafi gengið á sjö ára starfstíma fráfarandi ríkisstjórnar að fjölga hjúkrunarrýmum þá hefur breytt fyrirkomulag við uppbyggingu hjúkrunarheimila orðið til þess að einkaaðilar hafa sýnt áhuga á aðkomu að slíkum verkefnum. Það kallar á að bæjaryfirvöld hafi skýra stefnu til framtíðar um uppbyggingu hjúkrunarheimila í bænum þannig að tryggt sé að vandað verði til verka við ákvörðun slíkra verkefna, t.d. varðandi staðsetningu þeirra. Hagsmunir væntanlegra íbúa verða að vega þyngra en hagsmunir einkaaðila við ákvarðanir um skipulag, aðferðafræði og staðsetningu nýrra hjúkrunarheimila. Ríkisvaldið getur ekki útvistað alfarið til einkaaðila mikilvægri grunnþjónustu eins og bygging og rekstur hjúkrunarheimila er. Bæjaryfirvöld bera líka ríka ábyrgð á að því að tryggja almannahag í framtíðarskipulagi hjúkrunarrýma í bænum og að hagur íbúa verði tryggður í þeirri uppbyggingu.

Að frumkvæði bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar var fyrirbyggjandi tillögur um breytingar á miðsvæði Valla vísað til umfjöllunar í Öldungaráði. Í umsögn sinni

leggur Öldungaráð til ákveðna forgangsröðun við uppbyggingu hjúkrunarheimila í Hafnarfirði og tekur undir með okkur í Samfylkingunni um að vanda verði til verka þegar staðsetning íbúða fyrir aldraða og hjúkrunarheimila er ákveðin. Af þessum sökum endurflytja fulltrúar jafnaðarfólks í bæjarstjórn þessa tillögu um formlegan samstarfsvettvang bæjarstjórnar vegna málsins. Hún var fyrst lögð fram við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun þann 6. nóv. sl. og var vísað til fjölskylduráðs. Meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hafnaði tillögunni á fundi fjölskylduráðs þann 26. nóv. sl. Hún var svo flutt aftur í breyttri mynd á fundi bæjarstjórnar þann 12. des. sl. en fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks höfnuðu henni á nýjan leik. Fyrirliggjandi umsögn öldungaráðs sýnir nauðsyn þess að ráðist verði í þessa vinnu þegar í stað.

4. 2005507 - Hafnarfjarðarkaupstaður, reglur um fjárhagsaðstoð

1.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 10.desember sl.
Reglur um fjárhagsaðstoð lagðar fram.

Fjölskylduráð samþykkir fyrirliggjandi reglur um fjárhagsaðstoð fyrir sitt leyti og vísar þeim áfram til bæjarstjórnar til frekari staðfestingar.

5. 2308876 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2024 og 2025-2027

3.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 10.desember sl.
Lagðir fram tveir viðaukar. Guðmundur Sverrisson, rekstrarstjóri í Hagdeild, mætir til fundar undir þessum lið.

Fjölskylduráð samþykkir viðaukann fyrir sitt leyti og vísar honum til staðfestingar hjá bæjarráði og bæjarstjórn.

6. 2310533 - Dagforeldrar þjónustusamningur

5.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 11.desember sl.
Fræðsluráð samþykkir drög að þjónustusamning við dagforeldra og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

7. 2003267 - Hestamannafélagið Sörli, rekstrarsamningur 2020

6.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 11. desember sl.
Drög að tímabundnum rekstrarsamningi við Hestamannafélagið Sörli vegna nýrrar reiðhalla lagðar fram til samþykktar.

Fræðsluráð samþykkir tímabundinn rekstrarsamning við Hestamannafélag Sörli og vísar til frekari samþykkis í bæjarstjórn.

8. 1510061 - Ásvellir, uppbygging

7.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 11.desember sl.
Drög að viðaukarekstrarsamningi við Knattspyrnufélagið Hauka vegna knattballarinnar lagðar fram til samþykktar.

Fræðsluráð samþykkir viðauka við rekstrarsamning við Knattspyrnufélagið Hauka og vísar til frekari samþykkis í bæjarstjórn.

9. 2403581 - Húsnæðismál Sambó

8.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 11. desember sl.
Lagt fram til samþykktar

Fræðsluráð samþykkir rekstrarsamning við Sambó og vísar til frekari samþykkis í bæjarstjórn.

10. 2412376 - Straumhella 11, umsókn um lóð

13.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Lögð fram umsókn Keldugötu 2 ehf. um lóðina nr. 11 við Straumhelli.

Alls bárust 4 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Keldugata ehf. Til vara var dregin út umsókn Verkefni ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Keldugötu ehf. og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

11. 2412380 - Straumhella 14, umsókn um lóð

14.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Lögð fram umsókn Armar mót og kranar ehf. um lóðina nr. 14 við Straumhelli.

Alls bárust 8 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Armar mót og kranar ehf. Til vara var dregin út umsókn Stálvík ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Armar mót og kranar ehf. og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

12. 2305679 - Straumhella 16, umsókn um lóð

26.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Lögð fram umsókn Gvendar ehf. um lóðina nr. 16 við Straumhelli.

Alls bárust 6 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Gvendar ehf. Til vara var dregin út umsókn Arma Jarðvéla ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Gvendar ehf. og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

13. 2412697 - Axlarás 2-6, úthlutun

28.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Alls bárust 79 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn SSG vertaka ehf. Til vara var dregin út umsókn Vesturvík ehf. Og til þrautavara var dregin út umsókn Nordex ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til SSG verktaka ehf. og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

14. 2412698 - Axlarás 8-14, úthlutun

29. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Alls bárust 65 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn KB verk ehf. Til vara var dregin út umsókn OFG ? Verk ehf. Og til þrautavara var dregin út umsókn Haghús byggingar ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til KB verk ehf. og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

15. 2412699 - Axlarás 16-22, úthlutun

30. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Alls bárust 70 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Búseti húsnæðissamvinnufélag. Til vara var dregin út umsókn Zilli ehf. Og til þrautavara var dregin út umsókn K20 ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Búseta húsnæðissamvinnufélags og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

16. 2412700 - Axlarás 24-30, úthlutun

31. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Alls bárust 73 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Helgatún ehf. Til vara var dregin út umsókn Djúpós ehf. Og til þrautavara var dregin út umsókn Haghús byggingar ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til SSG Helgatúns ehf. og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

17. 2412701 - Axlarás 40-48, úthlutun

32. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Alls bárust 65 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Bergborun ehf. Til vara var dregin út umsókn OFG ? Verk ehf. Og til þrautavara var dregin út umsókn Kjarralda ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Bergborun ehf. og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

18. 2412369 - Virkisás 3, umsókn um lóð

33. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Lögð fram umsókn Ingibergrs Árnasonar um lóðina nr. 3 við Virkisás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Ingibergrs Árnasonar og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

19. 2412654 - Virkisás 1, umsókn um lóð

34. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Lögð fram umsókn Kristins Jónssonar um lóðina nr. 1 við Virkisás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Kristins Jónssonar og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

20. 2412657 - Virkisás 2, umsókn um lóð

35.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12.desember sl.
Lögð fram umsókn Agna Ásgeirssonar um lóðina nr. 2 við Virkisás.

Alls bárust 4 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Agna Ásgeirssonar. Til vara var dregin út umsókn Þórs Pálssonar.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Agna Ásgeirssonar og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

21. 2412171 - Virkisás 7, umsókn um lóð

40.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12.desember sl.
Lögð fram umsókn Ástu Sigríðar Benediktsdóttur um lóðina nr. 7 við Virkisás.

Alls bárust 2 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Ástu Sigríðar Benediktsdóttur. Til vara var dregin út umsókn Gísla R. Sveinssonar.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Ástu Sigríðar og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

22. 2412040 - Virkisás 4, umsókn um lóð

43. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12.desember sl.
Lögð fram umsókn Svans Þórissonar um lóðina nr. 4 við Virkisás.

Alls bárust 4 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Svans Þórissonar. Til vara var dregin út umsókn Guðmundar Leifssonar.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Svans Þórissonar og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

23. 2412370 - Virkisás 5, umsókn um lóð

45.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12.desember sl.
Lögð fram umsókn Cristopher Sófus Cannon um lóðina nr. 5 við Virkisás.

Alls bárust 3 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Cristopher Sófus Cannon. Til vara var dregin út umsókn Hannesar Árnasonar.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Cristopher Sófus Cannon og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

24. 2412108 - Virkisás 8, umsókn um lóð

51.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12.desember sl.
Lögð fram umsókn Arnar Þórs Guðmundssonar um lóðina nr. 8 við Virkisás.

Alls bárust 8 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út

umsókn Arnar Þór Guðmundsson. Til vara var dregin út umsókn Lilju Guðrúnar Jónsdóttur.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Arnars Þórs Guðmundssonar og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

25. 2412653 - Vörðuás 18, umsókn um lóð

56. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Úthlutun.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Andra Þórs Bjarnasonar og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

26. 2412007 - Vörðuás 2, umsókn um lóð

57. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Úthlutun.

Alls bárust 3 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Ingva Þórs Þórissonar. Til vara var dregin út umsókn Kristjáns Gunnars Ríkharðsonar.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Ingva Þórs Þórissonar og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

27. 2412658 - Hryggjarás 1, umsókn um lóð

60. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Úthlutun.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Birgis Arnar Gylfasonar og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

28. 2412517 - Hryggjarás 5, umsókn um lóð

61. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Úthlutun.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Gunnars Agnarssonar og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

29. 2412172 - Hryggjarás 5, umsókn um lóð

66. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. desember sl.
Umsókn um lóð.

Alls bárust 7 umsóknir og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Sverris Sigurjónssonar. Til vara var dregin út umsókn Hjálmars Rúnars Hafsteinssonar.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Sverris Sigurjónssonar og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

30. 2405222 - Miðstöð ungs fólks í Hafnarfirði

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um skýrslu og tillögur starfshóps um starfsemi fyrir ungmenni á aldrinum 16-24 ára í Hafnarfirði.

Fundargerðir

31. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 11. desember sl.

a. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 13.nóvember sl.

b. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 30.september, 2. og 18. október og 6. nóvember sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 10.desember sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 12.desember sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 27.nóvember sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 2. desember sl.

c. Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 24.nóvember sl.

d. Fundargerð stjórnar SSH frá 25. nóvember sl.

e. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 6. nóvember sl.

f. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 13. nóvember sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 11.desember sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 16.desember sl.

32. 2208236 - Bæjarstjórn, starfsumhverfi 2022-2026

Forsetanefnd samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að næsti fundur bæjarstjórnar verði miðvikudaginn 15. janúar nk. og fyrsta reglulega fundarvika ráða eftir áramót hefjist mánudaginn 6. janúar nk.

16.12.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri